



17. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 28. apríl 2017 kl. 15:30 í Þjónustumiðstöð UMFÍ

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ. Gunnar Gunnarsson (GG) á símafundi.

Forföll boðuðu: Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS) og Kristinn Óskar Grétuson (KÓG).

1. Fundur settur

Formaður setti fund og skipaði ÖG fundarritara.

2. Framkvæmdastjórnarfundargerð nr. 13

Fundargerðin samþykkt.

3. Samningur um mótahaldskerfi

AIP kynnti nýtt mótahaldskerfi frá Nóra sem verður tekið í notkun á 7. Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði í júní nk. Kerfið verður einnig notað á Unglingalandsmótinu á Egilsstöðum í sumar.

Einnig var greint frá samningi sem gerður hefur verið við Greiðslumiðlun ehf. Um notkun kerfisins.

4. Ferð á danska landmótið

Undirbúningur hefur gengið vel og er dagskrá ferðarinnar í vinnslu. Allt stefnir í að fullbókað verði í ferðina. Farið verður út 28. júní og komið heim 3. júlí.

5. EUF

Undirbúningur fyrir flutning EUF er í ferli og unnið í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

6. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra / staða verkefna

- Felix

Drög að þjónustusamningi við IDEGA lögð fram og rædd. Fram kom gagnrýni á kostnað og of marga milliliði. AIP falið að taka saman athugasemdir stjórnar sem fulltrúar UMFÍ í stýrihópi (GG og HeJ) munum fara með inn á fund hópsins.

Einnig kom fram óánægja með að kerfið væri ekki að virka nægilega vel og töluvert væri um rangar upplýsingar í því.

HeJ kom inn á fundinn kl. 17:15. GG vék af símafundi.

- Ungt fólk og lýðræði

Ráðstefnan að Laugabakka í Miðfirði heppnaðist mjög vel. Góð mæting var frá ungmennaráðum um land allt.

- Hreyfivikan

Undirbúningur er í fullum gangi. Samningur hefur verið gerður við mbl.is um fréttaflutning og umfjöllun um Hreyfivikuna. Einnig er samstarf við Ölgerðina.

- Vorfundur UMFÍ

Farið yfir helstu atriði sem verða á dagskrá fundarins sem verður á Hvolsvelli. Stefnt er að því hafa gott samstarf við ungmennaráð á Suðurlandi og hafa m.a. fund með ungmennum og stjórnendum í hreyfingunni við sama tækifæri.

- Íþróttabandalög

AIP sagði frá fundi sem var haldinn með íþróttabandalögum þar sem tillögur vinnuhóps voru kynntar.

7. Fjármál – þriggja mánaða uppgjör

AIP lagði fram þriggja mánaða uppgjör. Heildarrekstrarniðurstaða er samkvæmt áætlun.

8. Önnur mál

- Ársþing sambandsaðila

Framundan eru þing HSS og HSV. Stefnt er að því að fulltrúar frá UMFÍ mæti á þingin.

- Bréf frá fræðslunefnd UMFÍ

Í bréfinu eru kynntar hugmyndir um að hafa veturinn 2017–2018 *Fræðsluvetur UMFÍ*. Í því flest að halda sex fræðslufyrirlestra sem jafnframt yrðu teknir upp og gerðir aðgengilegir á netinu. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði 1 mkr. 2017 og 1 mkr. 2018. Stjórn UMFÍ samþykkir að fara í verkefnið og fjármagna það úr Fræðslu- og verkefnasjóði.

- Fulltrúar UMFÍ í Almannaheillum og SAFF

Samþykkt að Ragnheiður Sigurðardóttir verði fulltrúi UMFÍ í stjórn Almannaheilla. AIP falið að fá frekari upplýsingar um starf SAFF frá fulltrúa UMFÍ.

- Vinnuhópur um Laugar

RH sagði frá starfi hópsins sem er búinn að hittast nokkrum sinnum og hefur m.a. fundað með forstöðumanni Ungmenna- og tómstundabúðanna. Stefnt er að því að hópurinn kynni niðurstöður á næsta eða þar næsta stjórnarfundi.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19:00.
ÖG ritaði fundargerð.**